



Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. apríl 2020

Knattspyrna í 5-, 7- og 8 manna liðum

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 22. apríl sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 5 manna liðum, reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Framangreindar breytingar snúa m.a. að lengingu leiktíma leikja í 5. aldursflokki en heildarleiktími verður nú 60 mínútur í stað 40. Þá hafa verið gerðar breytingar á reglum um markspyrnu og innkast í 5. aldursflokki og yngri aldursflokkum.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.  
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**.

### REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

*Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 27:*

27.gr.  
5. flokkur karla

#### 8 MANNA LIÐ

Aldur: 12 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: ~~60~~40 mín. (2 x ~~30~~ 20 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

**Hvíld: Stöðva skal leik í u.þ.b. 2 mín um miðjan fyrri hálfleik og aftur um miðjan seinni hálfleik.**

Framlenging: 15 mín. (2 x 7.5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

*Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 33:*

33.gr.  
5. flokkur kvenna

#### 8 MANNA LIÐ

Aldur: 12 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: ~~60~~40 mín. (2 x ~~30~~ 20 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

**Hvíld: Stöðva skal leik í u.þ.b. 2 mín um miðjan fyrri hálfleik og aftur um miðjan seinni hálfleik.**

Framlenging: 15 mín. (2 x 7.5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

**REGLUGERÐ KSÍ**  
**um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum**  
og

**REGLUGERÐ KSÍ**  
**um knattspyrnu í 5 manna liðum**

*Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 11:*

11. gr.  
Markspyrna

- 11.1. Í samræmi við 16. gr. knattspyrnulaganna er markspyrna dæmd þegar boltinn fer allur yfir marklínuna, með jörðu eða á lofti, eftir að hafa síðast snert leikmann liðsins sem sækir, og mark er ekki skorað.
- 11.2. Í 5. flokki og yngri aldursflokkum er markmanni/leikmanni heimilt, þegar markspyrna hefur verið dæmd, að koma bolta í leik með því að rekja hann af stað.
- 11.3. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum má leika knettinum til markvarðar án þess að knötturinn hafi farið út fyrir vítateig.
- 11.4. Allir mótherjar skulu vera utan vítateigs þar til boltinn er kominn í leik.

*Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 13:*

13. gr.  
Innkast/Innspark/Knattrak

- 13.1. Í samræmi við 15. gr. knattspyrnulaganna er innkast dæmt mótherjum þess leikmanns sem síðast snertir boltann áður en hann fer allur yfir hliðarlínuna, hvort heldur með jörðu eða á lofti.
- 13.2. Í 5. flokki og yngri aldursflokkum skal taka innspark/knattrak í stað innkasts.
  - 13.2.1. *Innspark*: Bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með sendingu. Óheimilt er að lyfta bolta hærra en í hnéhæð með innsparki. Óheimilt er að skora beint úr innsparki.
  - 13.2.2. *Knattrak*: Bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með því að rekja boltann af stað frá hliðarlínu.
- 13.3. Í 6. flokki og yngri aldursflokkum má markvörður taka knöttinn upp með höndum eftir innspark/knattrak ~~innkast~~ frá samherja.
- 13.4. Allir mótherjar verða að standa a.m.k. 2m frá þeim stað á hliðarlínunni sem taka á innkastið/innsparkið/knattrakið frá.

---

**Greinargerð**

Um að ræða breytingar sem unnar voru og lagðar til af knattspyrnusviði KSÍ. Fyrst ber að nefna breytingar á leiktíma leikja í Íslandsmóti í 5. aldursflokki. Áður var umræddur leiktími 2x 20 mínútur en verður nú 2x 30 mín. Leikhlé verður áfram fimm mínútur en því til viðbótar skal stöðva leik í u.þ.b. tvær mínútur um miðjan fyrri hálfleik og aftur um miðjan seinni hálfleik.


Einnig hafa breytingar verið gerðar á reglum um hvernig markspyrna skuli framkvæmd. Samkvæmt nýjum reglum er markmanni eða leikmanni heimilt, þegar markspyrna hefur verið dæmd, að koma

bolta í leik með því að rekja hann af stað. Skulu allir mótherjar vera utan vítateigs þar til boltinn er kominn í leik.

Loks hafa breytingar verið gerðar á reglum um innkast. Í 5. flokki og yngri aldursflokkum skal í stað innkasts koma bolta í leik með innsparki eða knattraki. *Innspark* skal framkvæmt þannig að bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með sendingu. Óheimilt er að lyfta bolta hærra en í hnéhæð með innsparki og þá er óheimilt að skora beint úr innsparki. *Knattrak* skal framkvæmt þannig að bolti er lagður kyrr á hliðarlínu og honum komið í leik með því að rekja boltann af stað frá hliðarlínu. Leikmanni er heimilt að skora eftir að hann kemur bolta í leik með knattraki. Allir mótherjar verða að standa a.m.k. tveimur metrum frá þeim stað á hliðarlínunni sem taka á innspark eða knattrakið frá.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.